

Titringssskyn

Titringssskyn er oft minnkað samfara skertu stöðuskyni. Því er unnt að kanna titringssskyn til að meta skynjun í neðri útlimum. Titringssskyn er metið með tónkvísl, 128Hz. Haldið er um stofninn og gaflinum slegið við lófa eða læri og látinn titra. Stofninn er þá settur á bein sem liggur grunnt og skjólstæðingur beðin að segja hvað hann finnur.

Titringur finnst á:

- grunni fyrsta framristarbeins (basis ossis metatarsalis 1) er gefin talan 1
- miðlægum eða hliðlægum ökkla (malleolus medialis eða lateralis) er gefin talan 2
- sköflungshnjósk (tuberositas tibiae) er gefin talan 3
-

Ef titringur finnst ógreinilega á t.d. fyrsta framristarbeini, en greinilega á miðlægum ökkla er gefin talan 1.5, eða 2.5 finnst ógreinilegur titringur á miðlægum ökkla. Ef ekki finnst titringur á neinum ofangreindum stöðum er gefin talan 3.5. Ef einstaklingur á erfitt með að átta sig á hvað hann á að finna má setja tónhvísl á ölnarhöfuð (caput ulna), höfuð fyrsta miðhandarbeins (caput ossis metacarpalis 1) eða viðbein til að skynja titring. Einstaklingur sem ekki finnur titring á grunni fyrsta framristarbeins hefur minnkað skyn í fótum og getur átt erfitt með að átta sig á þungadreifingu á il og skynja stöðu og hreyfingar líkamans.

E.K. Kristinsdóttir, Fransson P.A., Magnusson M. (2001). Changes in postural control in healthy elderly subjects are related to vibration, sensation, vision and vestibular asymmetry. *Acta Otolaryngol.*121(6):700-6.

E.K. Kristinsdóttir, Jarnlo G.B., Magnusson M. (1997). Aberrations in postural control, vibration sensation and some vestibular findings in healthy 64-92-year-old subjects. *Scand J Rehabil Med.*29(4):257-65.

Varðandi nánari útfærslu á prófinu hafið samband við höfund prófins, Ellu Kolbrúnu Kristinsdóttur, sjúkraþjálfara, M.S. Doktor. ekk@hi.is